



Eiginleikar plastmálningar með hreint akrýlbindiefni.

Hrein akrýlmálning, stýren akrýl málning og PVA málning

Rétt eins og það eru til boða mörg gljástig af plastmálningu eru til mismunandi gerðir af bindiefnum. Þau helstu eru akrýl, stýren akrýl og PVA. Þessi bindiefni gefa málningunni mismunandi eiginleika.

Þessi bindiefni bjóða upp á mismunandi gæði málningar. Almennt séð þá er málning sem inniheldur hreinan akrýl betri en málning sem inniheldur stýren akrýl sem á hinn bóginn er betri en málning með PVA bindiefni. Slippfélagið býður fjölbreytt úrval af hreinum akrýliefnum.

Hrein akrýlmálning miðað við PVA málningu

Málning með hreinan akrýl er almennt séð mun betri og sterkari málning en PVA (PolyVinylAsetat) málning. Dæmi um eiginleika sem akrýlmálning hefur fram yfir...

- Hún hefur meiri viðloðun á stöðum, þar sem raki og bleyta er. Þannig að akrýlmálningarefni hafa meira þol gagnvart blöðrumyndun, sprungumyndun og flögnun.
- Hún hefur meira vatnsþol, sem hindrar blöðrumyndun.
- Hún er mun minna skítsæl og hefur meira þol gagnvart myglu og ýldu.
- Sumar tegundir PVA efna eru klísturgjarnar, þannig að myndir o.þ.h. festast við flötinn.
- Hún er basapólnari, þ.e.a.s. þolir alkalískar aðstæður mun betur.
- Hún hefur meira þol gagnvart útfjólubláum geislum og sólarljósi. Það gefur betri litheldni og minni kölkun.

Hrein akrýlmálning miðað við stýrenakrýl málningu

Dæmi um eiginleika sem akrýlmálning hefur fram yfir...

- Meiri mýkt.
- Minni kölkun.
- Betri litheldni.
- Betri viðloðunareiginleikar.
- Betra veðrunarþol.
- Engin gulnun. Hreinn akrýll gulnar ekki en stýren akrýl gulnar aftur á móti mikið.
- Minni hætta á að filman spryngi.

Málningarefni Slippfélagsins, eins og Bett, Hemukrýl, Hjörvi og Vitretex eru öll hrein akrýliefni.